

## 124. fundur Rekstrarnefndar Hjúkrunarheimilisins Klausturhóla

**haldinn í kapellu Klausturhóla 10/10 2019 kl 11:00**

**Mættir eru nefndarmenn:** Sveinn Hreiðar Jensson formaður, Elín Heiða Valsdóttir, Anna María Ólafsdóttir og Fanney Ásgeirsdóttir. Anna María Ólafsdóttir og Einar Bárðarson boða forföll og í þeirra stað eru mætt Auðbjörg Brynja Bjarnadóttir og Hörður Davíðsson.

Einnig eru mættar Matthildur Pálsdóttir hjúkrunarforstjóri og Sandra Brá Jóhannsdóttir sveitarstjóri sem jafnframt ritar fundargerð. Sigrún Gabriela Lövdal situr fundinn sem fulltrúi starfsmanna.

Formaður býður fundarmenn velkomna.

### Dagskrá:

#### 1. Skýrsla hjúkrunarforstjóra

Dagvalarrými lítið notað. Möguleiki á að fara í kynningu á þjónustunni til að ná fram betri nýtingu. Hjúkrunar- og dvalarheimilið fær að halda hjúkrunarrými sem kom frá Kumberavogi til ársins 2021 eða þar til nýtt hjúkrunarheimili verður tekið í notkun á Selfossi. Hjúkrunarforstjóri er langt komin með endurbótalistann frá Lyfjastofnun en á eftir að fá nýjan lyfjaskáp. Breytingarnar á starfslýsingunum eru á réttri leið og vonast til að þær verði farnar að virka að fullu á næstu 2 mánuðum. Hjúkrunarforstjóri fer yfir stöðu frítökuréttar hjúkrunarfræðinga heimilisins. Meta þarf þörfina á afleysingu til að hjúkrunarfræðingar komist í fri. Kortleggja þarf það fyrir næsta þörf. Farið yfir hvernig gengur með þjónustusamninginn við Skaftárhrepp. Búið að fara í tvær ferðir með heimilisfólk. Einn fundur hefur verið haldinn vegna möguleika á samnýtingu mötuneyta fyrir allar stofnanir Skaftárhrepps.

Ýmsir góðir gestir komið undanfarna mánuði. Hjúkrunarforstjóri hefur áhuga á að skrá sögu Klausturhóla í máli og myndum. Klausturhólar fengu lífsmarkamæli og hjartalínuritstæki að gjöf og til stendur að vekja athygli á því. Ákveðið hefur verið að fresta Klausturhóladeginum til vors og þá halda uppá 25 ára afmæli heimilisins í leiðinni. Heimilið er að þjóna Klausturhólum 1 og 2 í mötuneyti og orðið mjög þröngt í matsalnum svo bæta þarf við borðum.

#### 2. Rekstrarstaða 9 mánuðir

Reksturinn er á áætlun.

#### 3. Staða viðhalds 2019 og viðhaldspörf 2020

Hjúkrunarforstjóri fer yfir viðhaldslista sem hefur verið tekin saman og stöðu verkefna þar. Starfsmenn hafa aðgang að listanum og geta bætt við þegar vart verður við ný verkefni. Umræður um bjöllukerfi og kaup á lyfjaskáp. Er búin að panta tölvu vegna breytinga á starfslýsingu hjúkrunarfræðings.

Setja þarf á fjárhagsáætlun 2020 breytingar á vaktinni og lagfæring á leka í leiðinni – jafnvel þarf að skipta um glugga. Sveitarstjóri fær byggingarfulltrúa til að meta viðhaldspörfina og möguleikann á yfirbyggingu fyrir suðursvalir.

#### 4. Undirbúningur fjárhagsáætlunar 2020

Forsendur áætlunar eru hækkun launavísitölu um 5,5% og verðbólga 3,2% og miðast við útgefna þjóðhagsspa. Á eftir að taka tillit til aukningar á þjónustugjöldum vegna þjónustusamning við sveitarfélagið og taka ákvörðun um þær framkvæmdir sem á að fara í vegna húsnæðis.

Rekstrarnefnd leggur til að áhersla verði lögð á yfirbyggingu svalanna og viðhald vegna leka meðfram gluggum á suðurhlið hússins.

**5. Starfsmannamál**

Mönnun góð eins og staðan er. Hjúkrunarforstjóra falið að skerpa á verklagsreglum varðandi skil á prófskírteinum til grundvallarsamningum. Mikil blöndun karla og kvenna og hátt hlutfall erlends vinnuafis. Mikil áhersla verið lögð á að fá íslenskukennslu en finna þarf lausn á hvernig er hægt að koma betur til móts við þá starfsmenn sem þurfa á því að halda. Rekstrarnefnd skorar á sveitarstjórn að vinna að því að koma upp skammtímahúsnæði til að mæta þörfum samfélagsins sem allra fyrst.

**6. Skipun fulltrúa Klausturhóla í stjórn velunnarsjóðs**

Ingólfur Hartvigsson hefur óskað eftir því að fara úr stjórn sjóðsins. Rekstrarnefnd þakkar Ingólfi vel unnin störf í þágu velunnarsjóðs fyrir hönd Klausturhóla. Rekstrarnefnd tilnefnir Helgu Jónsdóttur sem fulltrúa Klausturhóla í stjórn velunnarsjóðs í hans stað.

**7. Önnur mál**

Hörður Davíðsson kynnir hugmyndir á sólskála við matsal heimilisins.

Fleira ekki gert á fundi fundi slitið kl. 13:30

  
Sveinn Hreiðar Jenson

  
Elín Heiða Valsdóttir

  
Auðbjörg Bjarnadóttir

  
Hörður Davíðsson

  
Fanney Ásgeirsdóttir